

Vegirnir okkar



Góðar samgöngur – blómlegar

Vegakerfinu er stundum líkt við æðakerfi mannlíkamans sem viðheldur starfseminni með því að tryggja eðlilegt blóðstreymi um hina ýmsa hluta líkamans. Með sama hætti eru traust vegakerfi og góðar samgöngur forsenda þess að mannlíf og atvinnulíf geti vaxið og dafnað í þéttbýli sem dreifbýli. Vegagerð-

inni er með lögum falið að annast vegagerð, þjónustu og viðhald vegakerfisins á Íslandi í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma. Eðli málsins samkvæmt er Vegagerðin með starfsemi um allt land og umsvif hennar og áhrif á lífið í landinu eru meiri en margan grunar.



Ferjurnar eru hluti þjóðvegakerfisins 4-5

Ferjusiglingar á tilteknum leiðum teljast hluti íslenska þjóðvegakerfisins og ber Vegagerðin ábyrgð á að þjónusta þeim standi vegfarendum til boða. Samanlögð lengd þjóðvegakerfisins var 13.034 km þann 1. mars 2006 en með ferjuleiðunum, sem Vegagerðin ber ábyrgð á, bætast við 264 km.



8 Fjármunir Vegagerðarinnar

Það ræðst af innheimtu þungaskatts, bensín- og olúgjalds og öðrum framlögum úr ríkissjóði hvaða fjármuni Vegagerðin hefur til ráðstöfunar. Árið 2005 var heildarfjárveiting sem Vegagerðin hafði til ráðstöfunar rúmlega 13,4 milljarðar króna en það ár voru heildartekjur ríkisins af umferðinni 47 milljarðar króna.



Aukinn akstur - færri slys 6-7

Á tíu ára tímabili, 1995-2005, fjölgaði skráðum bifreiðum hér á landi um 63% og þar af fjölgaði þeim um 26 þúsund árið 2005. Þá hafa þungaflutningar um þjóðvegina stóraukist. Á sama tíma hefur slösuðum og látnum í umferðinni fækkað um 54% ef miðað er við fjölda ekinna kílómetra.



10-11 Rekstur um allt land

Hjá Vegagerðinni starfa um 330 manns um allt land. Vegaframkvæmdir, sem áður voru að stærstum hluta hjá stofnuninni sjálfri, eru nú að langmestu leyti boðnar út. Um leið og útboð stuðla að meiri hagkvæmni og betri nýtingu fjármuna eru verkefni Vegagerðarinnar drjúg innspýting í atvinnulíf víðs vegar um landið.

byggðir – traust atvinnulíf



Vegagerðin á upplýsingaöld 12-13

Í þjónustuverum Vegagerðarinnar er fylgst grannt með ástandi vega og aðstæðum í vegakerfinu á hverjum tíma. Þangað berst gríðarlegt magn upplýsinga um veður, færð, frost í vegum, fjölda bíla, umferðarhraða, öxulþunga og bil milli bíla svo fátt eitt sé nefnt. Með úrvinnslu þessara gagna er hægt að leggja mat á þjónustuþörfina og er kappkostað að miðla upplýsingum fljótt og vel til vegfarenda.



15 Rannsóknir og þróun

Vegagerðin heldur uppi öflugum rannsókn- og þróunarstarfi og er unnið að fjölmörgum slíkum verkefnum á hverjum tíma. Rannsóknir á burðarþoli og öðrum eiginleikum þess efnis, sem notað er í íslensku vegina, er veigamikill þáttur í þessu starfi. Hluti þessara rannsókna fer fram í samstarfi við erlendar stofnanir og hefur Vegagerðin meðal annars flutt út íslenskan vegspotta til Svíþjóðar þar sem gerðar voru ítarlegar álagsprófanir á honum hjá vegrannsóknastofu Svíþjóðar.



Umferðareftirlit 14

Umferðareftirlit Vegagerðarinnar leitast við að fyrirbyggja skemmdir á vegum og stuðla að auknu umferðaröryggi. Umferðareftirlitið fylgist með leyfisskyldum fólks- og farmflutningum á landi og hefur meðal annars eftirlit með því að búnaður og notkun ökutækja í slíkum rekstri sé í samræmi við lög og reglur og að ákvæði um aksturs- og hvíldartíma ökumanna séu virt. Umferðareftirlitið hefur heimild til að kyrrsetja ökutæki sem ekki uppfylla settar reglur þar til úrbætur hafa verið gerðar.



16 Umfangsmikil landgræðsla

Á undanförunum árum hefur Vegagerðin verið í hópi allra stærstu aðila í landgræðslu á Íslandi. Vegagerðin hefur sett sér umhverfisstefnu en meginmarkmið hennar er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa.

Þjóðvegakerfið



Vegakerfið

Vegir landsins skiptast í þjóðvegi annars vegar og almenna vegi og einkavegi hins vegar. Þjóðvegir eru á forræði Vegagerðarinnar sem sér um gerð þeirra, þjónustu og viðhald. Þjóðvegir mynda samfellt vegakerfi og tengja saman byggðir landsins. Samanlögð lengd þjóðvegakerfisins á Íslandi var 13.034 km þann 1. mars 2006. Þjóðvegirnir, sem eru ætlaðir almennungi til frjálsrar umferðar, skiptast í fjóra undirflokkka: stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Ferjur og flóabátar eru skilgreindir sem hluti þjóðvegakerfisins og því er rekstur þeirra einnig á ábyrgð Vegagerðarinnar. Samanlögð lengd ferjuleiða var 264 km þann 1. mars 2006. Um flokkun veganna gilda ákveðnar meginreglur og eru þessar helstar:

Stofnvegir

Stofnvegir ná til allra svæða sem telja a.m.k. 1.000 íbúa og tengja slík svæði saman. Þann 1. mars 2006 nam samanlögð vegalengd stofnvega 4.230 km.

Tengivegir

Tengivegir tengja safnvegi við stofnvegi og eiga þeir að ná að þriðja býli frá vegarendanum þar sem búseta er. Þar sem tengivegur tengir þéttbýli við stofnvegakerfið skal hann ná til þess svæðis sem mikilvægast er fyrir athafnalíf þéttbýlisins. Vegir að flugvöllum, þar sem starfrækt er reglubundið áætlunarflug, og vegir að höfnum og bryggjum, ef þaðan eru stundaðar áætlunarsiglingar, teljast einnig tengivegir ef þeir eru ekki stofnvegir samkvæmt skilgreiningu um þann vegflokk. Samanlögð lengd tengivega á Íslandi var 4.003 km þann 1. mars 2006.

Safnvegir

Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.

Til safnvega teljast vegir að öllum býlum sem búið er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Safnvegir liggja einnig að kirkjustöðum, skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa. Þann 1. mars 2006 voru safnvegir alls 2.225 km að lengd.

Landsvegir

Til landsvega teljast þjóðvegir sem ekki tilheyra neinum framangreindum vegflokkum. Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta, vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum. Landsvegir voru alls 2.576 km að lengd þann 1. mars 2006.

Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir, hjólreiða- og göngustígar


Eigendur almennra vegna, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga sjá um gerð þessara vegna, þjónustu og viðhald þeirra. Almennir vegir eru í eigu opinberra aðila og ætlaðir almennungi til frjálsrar umferðar en einkavegir eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Reiðvegir eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Veggöng

Fyrstu veggöngin hér á landi voru tekin í notkun um miðja 20. öldina en þá var sprengt í gegnum 30 m þykkann berggang á leiðinni milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Síðan hefur verið unnið að jarðgangagerð á sjö stöðum á landinu, oftast með nokkrum hléum. Samanlögð lengd vegganga á Íslandi, sem voru í notkun 1. mars 2006, var 27 km.

Árið 2000 var samþykkt á Alþingi jarðgangaaætlun þar sem horft er til langs tíma og fjölmargir jarðgangakostir teknir til skoðunar. Þar var einnig tekin afstaða til þess hvar næstu jarðgöng skuli gerð og áætlun lögð fram um framkvæmdatíma og fjármögnun.





Flokkun vegakerfisins 1. mars 2006

- Stofnvegir 4.230 km
- Tengivegir 4.003 km
- Landsvegir 2.576 km
- Safnvegir 2.225 km
- Samtals þjóðvegir 13.034 km
- - - Ferjuleiðir 264 km

Lengstu brýr

Skeiðará	880 m
Borgarfjörður	520 m
Súla	420 m
Ölfusárós	360 m
Gígjukvísl	336 m
Kúðaflljót	302 m
Lagarfljót	301 m
Hornafjarðarflljót	254 m
Markarfljót	250 m
Jökulsá í Lóni	247 m


Lengd jarðganga

Héðinsfjarðargöng	Útboð 2006	11.000 m
Breiðadals- og Botnsheiði		9.120 m
Fáskrúðsfjarðargöng		5.900 m
Hvalfjörður		5.770 m
Ólafsfjarðarmúli		3.400 m
Almannaskarð		1.300 m
Strákagöng		800 m
Oddsskarð		640 m
Arnardalshamar		30 m

Lengd ferjuleiða

Vestmannaeyjar-Þorlákshöfn	74 km
Dalvík-Grímsey	67 km
Stykkishólmur-Flatey-Brjánslækur	52 km
Ísafjörður-Vigur-Æðey	46 km
Mjólfjörður-Neskaupsstaður	17 km
Dalvík-Hrísey	4 km
Hrísey-Árskógssandur	4 km

Hæð fjallvega



Bifreiðaflotinn og umferðin



Aukin umferð

Álag á vegi landsins hefur aukist mjög á undanföllum árum vegna vaxandi fjölda ökutækja og aukinna þungaflutninga. Með bættu vegakerfi hafa vöruflytningar að mestu færst úr skipum yfir í vörubifreiðar á þjóðvegum landsins.

Á tíu ára tímabili frá 1995 til 2005 fjölgaði skráðum bifreiðum um tæplega 63%. Í lok árs 1995 voru 135.284 bifreiðar skráðar í landinu samkvæmt yfirliti Umferðarstofu. Þar af voru 119.232 fólksbifreiðar og 6.445 vörubifreiðar. Í lok árs 2005 hafði skráðum bifreiðum fjölgað í alls 214.885 samkvæmt sömu heimild. Þar af voru 187.442 fólksbifreiðar og 9.508 vörubifreiðar. Árið 2005 voru nýskráðar 26 þúsund bifreiðar en þar af voru alls 22 þúsund fólksbifreiðar.


Með vaxandi umferð hefur slit á vegum aukist til muna en þar vega þungt auknir vöruflytningar. Þungar bifreiðar slíta þjóðvegum margfalt meira en léttar fólksbifreiðar því þungaumferðin brýtur niður burðarlög veganna smátt og smátt og veldur því að með tímanum minnkar burðarþol þeirra. Í grófum dráttum er talið að áhrif þyngdar hafi fjórða

veldis áhrif á niðurbrot veganna. Þetta þýðir að öxull, sem er 10 tonn að þyngd, hefur 10 þúsund sinnum meiri áhrif á niðurbrot vegar en öxull sem er 1 tonn.

Slys í umferðinni

Samkvæmt upplýsingum Umferðarstofu hefur slösuðum og látnum í umferðinni hér á landi fækkað um 54% á síðustu 10 árum ef miðað er við fjölda ekinna kílómetra. Árið 2005 var 671 slysatilfelli skráð hér á landi og hafði þeim fækkað úr 790 árið 2004. Alvarlega slösuðum og látnum fjölgaði hins vegar úr 138 árið 2004 í 148 árið 2005. Alls létust 19 manns í 16 umferðarslysum hér á landi árið 2005 sem var nokkur fækkun frá árunum á undan en 23 létust í umferðarslysum hvort árið 2003 og 2004 og 29 biðu bana í umferðinni árið 2002. Á tímabilinu 2001-2004 urðu að meðaltali um 74% þeirra slysa, sem höfðu í för með sér mikil meiðsl eða dauða, á vegum sem heyra undir þjóðvegakerfi Vegagerðarinnar. Árið 1995 slösuðust 263 einstaklingar alvarlega í umferðinni hér á landi og þar af létust 24.

Fjöldi bifreiða á Íslandi 1960-2005






■ Á 10 ára tímabili frá 1996 - 2005 létust að meðaltali liðlega 22 árlega í umferðaslysum á Íslandi.




■ Skráðum ökutækjum hefur fjölgað mikið hér á landi á síðustu árum. Frá 1995 til 2005 fjölgaði bifreiðum um tæplega 63% og árið 2005 voru nýskráðar 26 þúsund bifreiðar.


Bundið slitlag sem hlutfall af vegakerfi*




Fjöldi ökutækja á þúsund íbúa (Meðaltal 1999-2003)*



Aukning umferðar á Íslandi



Láttnir í umferðinni (Meðaltal 1999-2003)**



* Tölur eru fyrir árin 1999-2003. Heimild: Skýrsla Alþjóða vegasambandsins IRF, (International Road Federation 2005).

** Heimild: IRTAD (International Road Traffic and Accident Database).

Fjármál



Rekstrar- og framkvæmdafé Vegagerðarinnar kemur aðallega af mörkuðum tekjustofnum sem Alþingi ákvarðar en það eru bensín- og olfugjald annars vegar og þungaskattur hins vegar. Það ræðst af innheimtu þessara gjalda og af öðrum framlögum úr ríkissjóði hvaða fjármuni Vegagerðin hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Árið 2005 voru heildartekjur og framlög til Vegagerðarinnar rúmir 14,9 milljarðar króna. Þar af voru til ráðstöfunar á árinu rúmlega 13,4 milljarðar króna.

Útgjöld Vegagerðarinnar eru ákveðin af Alþingi með vegáætlun sem er hluti samgönguáætlunar sem einnig tekur til útgjalda ríkisins

til flugmála og siglingamála.

Samgönguáætlun er gerð til 12 ára og er henni skipt í þrjú fjögurra ára tímabil sem síðan eru tekin til endurskoðunar á tveggja ára fresti.


Í vegáætlun eru helstu verkefni Vegagerðarinnar skilgreind og þeim forgangsraðað.

Helstu verkefni Vegagerðarinnar eru nýbygging vega, viðhald þeirra og þjónusta af ýmsum toga. Hin síðari ár hafa margir þættir almenningsgangna verið í umsjá Vegagerðarinnar, svo sem ferjur og flóabátar, áætlunarflug og sérleyfisakstur – og greiðsla styrkja til viðkomandi rekstraraðila.


Áætlaðar tekjur Vegagerðarinnar 2005-2008 samkvæmt samgönguáætlun (í millj. kr.)

	2005	2006	2007	2008
Markaðar tekjur:				
Bensínjald	6.363	6.547	6.547	6.547
Þungaskattur, km-gjald	2.518	1.051	1.067	1.083
Þungaskattur, árgjald	1.497			
Olfugjald	1.703	3.446	3.497	3.550
Leyfisgjöld flutninga	5	4	4	4
Leyfisgjöld leigubifreiða	5	6	6	6
Markaðar tekjur samtals:	12.091	11.054	11.121	11.190
Framlag úr ríkissjóði:				
Ríkisframlag	1.663	1.526	4.988	4.911
Framlög til jarðganga	1.200	725	1.695	1.915
Framlag úr ríkissjóði alls	2.863	2.251	6.683	6.826
Tekjur og framlög alls	14.954	13.305	17.804	18.016

Skipting útgjalda 2006 samkvæmt samgönguáætlun



Tekjur af bílum og umferð og framlög til vegamála



Framkvæmdir

Á árum áður sá Vegagerðin sjálf um byggingu og viðhald flestra vega sem lagðir voru og var þá gjarnan samið við svæðisbundna vinnuvélæingendur og verktaka um einstaka þætti. Á liðnum árum hefur hins vegar orðið sú breyting að nú eru langflest verkefni boðin út á almennum markaði. Vegagerðin gefur út

fréttablað með upplýsingum um framkvæmdir og útboð. Í því og á vefsíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, má á hverjum tíma sjá yfirlit yfir stöðu útboða en þar er birtur listi yfir útboð sem eru fyrirhuguð, hafa verið auglýst, verið er að semja um og að lokum þau sem búið er að semja um.



■ Frá opnun tilboða í gerð Héðinsfjarðarganga 21. mars 2006.

Vegagerðin


Alls starfa um 330 manns hjá Vegagerðinni og er hún með aðsetur á nítján stöðum á landinu. Eðli málsins samkvæmt teygir starfsemin sig um allt land. Vegagerðin skiptist í miðstöð og fjögur svæði. Miðstöð Vegagerðarinnar er í Reykjavík en þar er yfirstjórn stofnunarinnar með skrifstofu vegamálastjóra og stjórnsýslu sem skiptist í þrjú megin svið: framkvæmda-svið, stjórnsýslusvið og þróunarsvið.


Svæði Vegagerðarinnar eru Suðursvæði, Suðvestursvæði, Norðvestursvæði og Norðaustursvæði. Hvert svæði annast framkvæmd-

ir, viðhald og rekstur vegakerfisins og sér um að veita vegfarendum þjónustu innan svæðisins.

Utan svæðismiðstöðvar Suðvestursvæðis í Reykjavík eru svæðismiðstöðvar á Selfossi, í Borgarnesi og á Akureyri. Þá rekur Vegagerðin svæðisstöðvar á Reyðarfirði, Sauðárkróki og Ísafirði auk þjónustustöðva í Hafnarfirði, Ólafsvík, Búðardal, á Patreksfirði, Hólmavík, Hvammstanga, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, í Fellabæ, á Höfn og í Vík.

Skipurit Vegagerðarinnar





Svæðaskipting Vegagerðarinnar



■ Miðstöð Vegagerðarinnar í Reykjavík er í Borgartúni 5-7.

Vegagerðin á upplýsingaöld

Öflug upplýsingamiðlun

Söfnun og miðlun upplýsinga um ástand vega og færð er veigamikill þáttur í starfsemi Vegagerðarinnar og þjónustu hennar við vegfar- endur. Afkastamikið og að stærstum hluta sjálfvirkt kerfi sækir upplýsingar um veður, færð og ástand vega í veður- og mælistöðvar Vegagerðarinnar um allt land. Einnig berast inn í kerfið upplýsingar frá starfsmönnum Vegagerðarinnar sem og aðrar upplýsingar samkvæmt ábendingum frá lögreglu og veg- farendum. Ýmsar fleiri upplýsingar má lesa úr tölum og tækjum Vegagerðarinnar. Með frostmælum, sem staðsettir eru á völdum stöðum, má fylgjast með frosti í undirlagi veganna og burðarþoli þeirra og frá umferðar- greinum berast upplýsingar um fjölda bíla, umferðarhraða, bil milli bíla og öxulþunga ökutækja. Unnið er úr því gríðarlega magni upplýsinga, sem þannig berst, í miðlægum gagnagrunni og gögnin síðan notuð til að meta aðstæður á hverjum stað og til að stjórna vegþjónustunni. Upplýsingar, sem þannig fást, eru einnig þýðingarmikil forsenda við hönnun umferðarmannvirkja og fjölmörg önnur verkefni Vegagerðarinnar.

Til að miðla upplýsingum til notenda eru

nýttar margar og fjölbreyttar leiðir. Miðstöð upplýsingamiðlunarinnar er í þjónustuverum Vegagerðarinnar á Ísafirði og í Reykjavík þar sem starfsmenn fylgjast með stöðugum straumi upplýsinga sem þangað berast og miðla þeim áfram til þeirra fjölmörgu sem þangað leita. Auk þess að svara í upplýsinga- síma Vegagerðarinnar 1777 er upplýsingum einnig miðlað með sjálfvirkum hætti um sím- svara, textavarp og vefsíðu Vegagerðarinnar auk þess sem þær eru birtar á fjölmörgum ljósaskiltum úti við þjóðvegina. Þeir, sem vilja skoða með eigin augum ástand vega á helstu heiðum landsins, geta gert það í gegn- um vefmyndavélar á heimasíðu Vegagerðar- innar.

Upplýsingasímar

Færð á vegum	1777
Færð á vegum, talvél	1779
Veðurstöðvar	1779
Öryggissími Vegagerðarinnar	522 1112


Upplýsingasíður í textavarp 470-490
Vefsíða www.vegagerdin.is



■ Úr nýju þjónustuveri Vegagerðarinnar á Ísafirði



■ Starfsmaður vitjar um einn af fjölmörgum umferðargreinum Vegagerðarinnar.



■ Mælitæki, sem senda upplýsingar um frost og rakastig í undirlagi veganna, gera Vegagerðinni kleift að fylgjast með burðarþoli þeirra á hverjum tíma.

Umferðareftirlit



Með Umferðareftirliti Vegagerðarinnar er leitast við að fyrirbyggja skemmdir á vegum og stuðla að auknu umferðaröryggi. Umferðareftirlitinu ber lögum samkvæmt að hafa eftirlit með þyngd ökutækja, ökumælum, ökuritum, olíugjaldi og kílómetragjaldi. Enn fremur á það að fylgjast með leyfisskyldum fólks- og farmflutningum á landi. Þá fylgist Umferðareftirlitið með akstri leigubifreiða og að ákvæði um aksturs- og hvíldartíma ökumanna séu virt.

Eftirlitsmönnum Umferðareftirlitsins er heimilt að stöðva ökutæki til að vigta þau og skoða ökurita eða til að gera aðrar nauðsyn-

legar athuganir í samræmi við starfsskyldur eftirlitsins. Ef heildarþyngd eða öxulþungi ökutækis er meiri en heimilt er getur eftirlitsmaður krafist þess að ökutækið verði létt áður en akstri er haldið áfram. Ökumanni ber að fara að slíkum fyrirmælum og öðrum þeim fyrirmælum sem eftirlitsmaður kann að gefa um áframhaldandi akstur ökutækisins.

Umferðareftirlitið leggur áherslu á að eiga gott samstarf við þá sem falla undir eftirlit þess og kappkostar að sinna eftirlitinu með þeim hætti að það valdi vegfarendum sem minnstri truflun.



■ Vegaeftirlitsmenn að störfum.

Rannsóknir og þróun

Samkvæmt vegalögum ber Vegagerðinni að verja árlega 1% af mörkuðum tekjum til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð. Árið 2006 var þessi fjárveiting á vegáætlun 114 milljónir króna. Markmið með rannsókn- og þróunarstarfi Vegagerðarinnar er að auka gæði vegakerfisins og þeirrar þjónustu sem Vegagerðin veitir á hverjum tíma.

Þótt mikill hluti fjárins fari til verkefna sem verða til innan Vegagerðarinnar er einnig lögð áhersla á að fjármagna verkefni sem verða til og/eða eru unnin hjá öðrum, svo sem í háskólum, ýmsum fyrirtækjum og stofnunum og jafnvel einstaklingum. Þá eru einnig dæmi um fjárhagslega þátttöku í alþjóðlegum verkefnum.

Síðustu fimm ár hefur verið lögð áhersla á umferðaröryggisrannsóknir, fyrst og fremst gegnum hið svokallaða RANNUM samstarf. Frá og með árinu 2006 er lögð aukin áhersla á rannsóknir sem tengjast umhverfismálum og upplýsingatækni.

Stjórnun vegabjónustu

Þjónusta Vegagerðarinnar á vegum, vetur sem sumur (vegabjónusta), er umtalsverð og er miklum fjármunum varið í þann málaflokk. Ör tækniþróun hefur gert fýsilegt að nýta samskiptatækni til að fylgjast með og skrásetja vegabjónustu á sjálfvirkan hátt. Í nokkur ár hefur Vegagerðin unnið með ferilvöktun og aðgerðaskráningu og eru nú 27 ökutæki með slíkan búnað. Þannig má fá auknar upplýsingar um umfang þjónustuþátta, efnismagn og

tíma og nýta við stjórnun vegabjónustunnar. Auk þess getur slík skráning einfaldað eftirlit með gæðum þjónustu og stuðlað að bættri nýtingu fjármuna. Enn er unnið að þróun verkefnisins sem að miklu leyti hefur verið fjármagnað af rannsóknafé.

Erlent samstarf

Vegagerðin tekur þátt í margvíslegu erlendu rannsókn- og þróunarsamstarfi. Markmið með þátttöku Vegagerðarinnar í erlendu samstarfi á sviði rannsókna og þróunar er m.a. að afla þekkingar og reynslu frá öðrum þjóðum og fylgjast með þróun og færa hana inn í landið. Enn fremur að koma þekkingu okkar og reynslu á framfæri og að afla fjármagns til rannsóknastarfs úr sjóðum Evrópusambandsins.

Meðal erlendra samstarfsaðila Vegagerðarinnar er vegrannsóknastofnun Svíþjóðar, VTI Statens väg- och transportforskningsinstitut. Þar var meðal annars gerð mjög umfangsmikil rannsókn á íslensku efni til vegagerðar árið 2000. Þá voru flutt út 100 tonn af íslensku steinefni til vegagerðar en úr því var byggður vegur í rannsóknastofu VTI í Linköping. Á þremur til fjórum vikum voru gerðar álagsprófanir á íslenska veginum í rannsóknastofu VTI sem svöruðu til um 10 ára umferðar þungaflutninga um veginn. Þessar rannsóknir veittu mjög gagnlegar upplýsingar um burðarþol íslenskra vega og niðurstöðurnar hafa verið notaðar til ýmissa frekari rannsókna og athugana.



■ Vegagerðarmenn leggja sýnishorn af íslenskum vegi í vegrannsóknastofnun Svíþjóðar en þar fór fram umfangsmikil álagsprófun á íslensku efni til vegagerðar.



■ Mælingamenn Vegagerðarinnar að störfum.



■ Rannsóknir á efni til vegagerðar fara meðal annars fram í rannsóknastofu Vegagerðarinnar í Borgartúni.

Umhverfismál

Umhverfisstefna

Vegagerðin hefur skilgreint helstu umhverfisþætti í starfseminni og sett sér umhverfisstefnu og markmið. Meginmarkmið umhverfisstefnunnar er góð sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa. Umhverfisstefnan er mót- uð með hliðsjón af ISO 14001:2004 umhverfisstaðlinum og umhverfisstefnu í ríkisrekstri. Lögð er áhersla á góða umgengni og frágang umferðarmannvirkja og að sem minnst umhverfisspjöll hljótist af starfseminni. Kapp- kostað er að hönnun, framkvæmdum, viðhaldi og rekstri vega sé hagað þannig að þeir falli sem best að umhverf- inu og stuðli að öruggu og aðlaðandi umhverfi vegfar- enda. Einnig er leitast við að draga úr hávaða og notkun mengandi efna. Þannig var algjörlega hætt að nota leysi- efnamálningu á árinu 2004 og er nú aðeins notuð plast- eða vatnsmálningu í vegmálningu. Sömuleiðis er unnið að því að takmarka notkun á white spirit sem er notað sem þynningarefni í klæðingar.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla Vegagerðarinnar er gefin út árlega en þar er fjallað um umhverfisstjórnunarkerfið og helstu viðfangsefni Vegagerðarinnar sem lúta að umhverfismál- um. Vegagerðin heldur einnig svokallað votlendisbók- hald sem skilað er til Umhverfisstofnunar en þar er gerð grein fyrir endurheimt votlendis til mótvægis við það sem raskast vegna framkvæmda Vegagerðarinnar á hverjum tíma.

Umfangsmikil landgræðsla

Vegagerðin leggur áherslu á góðan frágang og upp-

græðslu svæða sem tengjast vegaf framkvæmdum og á undanförunum árum hefur Vegagerðin verið í hópi allra stærstu aðila á sviði uppgræðslu hér á landi. Á árunum 2004 og 2005 var þannig sáð í og borið á liðlega 2.400 hektara við vegi landsins. Vegagerðin styrkir ýmis verk- efni sem snúa að umhverfismálum. Þar má nefna verk- efni sem lýtur að uppgræðslu vegfláa þar sem gerðar eru tilraunir með aðrar tegundir gróðurs en notaðar hafa verið.

Frágangur námasvæða

Árið 2004 birti Vegagerðin langtímaáætlun um frágang námusvæða. Alls er 3.031 efnisnáma skráð í námukerfi Vegagerðarinnar en af þeim var liðlega helmingur ófrá- genginn, eða samtals 1.621 náma. Af þeim teljast um 1.100 heyra undir Vegagerðina og hefur Vegagerðin mót- að þá stefnu að búið verði að ganga frá um það bil 900 þessara efnisnáma fyrir lok næsta tímabils samgöngu- áætlunar, árið 2018.



Áningarstaðir

Vegagerðin hefur á und- anförunum áratugum byggt upp þétt net áning- arstaða við þjóðvegi landsins þar sem víða eru upplýsingakort um

vegi og staðhætti viðkomandi svæðis auk borða og bekkja sem vegfarendur geta nýtt til að hvílast. Þá hefur Vegagerðin einnig sett upp fjölmörg upplýsingaskilti með fróðleik um sögu og sérkenni ýmissa staða.